

**Íslenski dansflokkurinn**  
**02 972**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Íslenski dansflokkurinn

kt. 570174-0619

Listabraut 3, 103 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Íslenski dansflokkurinn er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli leiklistarlaganna. Stofnunin sýnir listdans, stuðlar að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og er vettvangur fyrir eflingu og frambróun danslistar á Íslandi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 229,5 milljónir og afkoma kr. 4,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 6,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 24,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Íslenska dansflokksins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Íslenska dansflokksins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Erna Ómarsdóttir,  
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	198.300.000	185.800.000
Seld þjónusta .....	3	1.359.685	3.671.018
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	28.378.381	37.907.393
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.460.609	1.269.516
<b>Tekjur samtals</b>		<u>229.498.675</u>	<u>228.666.427</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	161.532.756	151.902.418
Annar rekstrarkostnaður .....	6	61.813.215	77.651.719
Afskriftir .....	7	1.460.609	1.269.516
<b>Gjöld samtals</b>		<u>224.806.580</u>	<u>230.823.653</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		4.692.095	(2.157.226)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		3.009	521
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(3.395)	(41.393)
		<u>(386)</u>	<u>(40.872)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>4.691.709</u></u>	<u><u>(2.198.098)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	4.765	15.729
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		4.358.803	4.259.603
Aðrar eignir .....		813.343	861.855
		<u>5.172.146</u>	<u>5.121.458</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>5.176.911</u>	<u>5.137.187</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	1.020.600
Tengdir aðilar .....	10	18.720.818	5.306.823
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	207.260
Handbært fé .....		209.019	6.604.721
		<u>18.929.837</u>	<u>13.139.404</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>18.929.837</u>	<u>13.139.404</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>24.106.748</u>	<u>18.276.591</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		6.849.935	2.158.226
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>6.849.935</u>	<u>2.158.226</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	0	95.698
Viðskiptaskuldir .....		2.960.668	2.221.447
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	9.642.264	8.686.730
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	4.653.881	5.114.490
		<u>17.256.813</u>	<u>16.118.365</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>17.256.813</u>	<u>16.118.365</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>24.106.748</u>	<u>18.276.591</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		4.691.709	(2.198.098)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	1.460.609	1.269.516
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.460.609)	(1.269.516)
		<u>4.691.709</u>	<u>(2.198.098)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		1.227.860	(1.227.860)
Tengdir aðilar .....		(14.010.026)	13.103.287
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		1.694.755	(6.545.410)
		<u>(11.087.411)</u>	<u>5.330.017</u>
		<u>(6.395.702)</u>	<u>3.131.919</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(1.500.333)	(921.589)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	150.000
		<u>(1.500.333)</u>	<u>(771.589)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		500.333	0
Fjárfestingarframlag .....		1.000.000	771.589
		<u>1.500.333</u>	<u>771.589</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(6.395.702)	3.131.919
		<u>6.604.721</u>	<u>3.472.802</u>
		<u>209.019</u>	<u>6.604.721</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.



## **Skýringar**

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	198.300.000	185.800.000
Tekjufærsla fjárveitinga .....	198.300.000	185.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.460.609	1.269.516
	<u>199.760.609</u>	<u>187.069.516</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	188.300.000	0	0	188.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	10.000.000	0	0	10.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>198.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>198.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrögnum sértekjum ...	(193.608.291)	0	0	(193.608.291)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>4.691.709</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4.691.709</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.127.605	3.107.168
Veitinga- og gistiþjónusta .....	232.080	563.850
	<u>1.359.685</u>	<u>3.671.018</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	70.000	376.250
Kostnaðarhlutdeild .....	2.703.374	1.576.887
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	23.504.673	23.878.520
Ýmsar tekjur .....	2.100.334	12.075.736
	<u>28.378.381</u>	<u>37.907.393</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	132.734.096	125.940.623
Orlof, breyting .....	1.869.161	(576.900)
Launatengd gjöld .....	26.359.974	25.576.076
Starfsmannakostnaður .....	569.525	962.619
	<u>161.532.756</u>	<u>151.902.418</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	13,6	13,4
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	258.214	122.025
Byggingarvörur, almennar .....	101.676	0
Ýmis tæki og áhöld .....	1.168.398	303.037
Orkugjafar .....	45.957	13.713
Matvæli .....	917.662	1.112.099
Almennar rekstrarvörur .....	363.456	240.993
Vörukaup, almenn	2.855.363	1.791.867
Ýmsar sérgreindar vörur .....	2.421.323	1.775.575
Vörukaup, sérgreind	2.421.323	1.775.575
Fundir, námskeið, risna .....	665.104	712.635
Ferðir, uppihald .....	3.436.847	11.789.563
Akstur .....	177.017	278.318
Sérfræðiþjónusta .....	15.959.720	20.843.741
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	54.637	50.759
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.672.992	5.877.611
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	550.639	651.801
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	23.516.956	40.204.428
Samningsbundin kaup og leiga .....	49.600	0
Afnotagjöld .....	1.204.974	1.547.547
Leigugjöld .....	24.242.096	24.067.111
Notkun véla og flutningatækja .....	86.390	57.600
Verkkaup .....	218.422	71.097
Kostnaðarhlutdeild .....	7.153.217	6.936.494
Áhættutap og bætur .....	26.370	0
Tryggingar, lögboðnar .....	37.504	0
Opinber gjöld .....	1.000	0
Tilfærslur .....	0	1.200.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	33.019.573	33.879.849
Annar rekstrarkostnaður samtals	61.813.215	77.651.719
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.118.776	1.154.415
Aðrar eignir .....	98.497	98.497
Sölutap og úreltar eignir .....	232.733	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	10.603	16.604
	1.460.609	1.269.516

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	4.765	15.729
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2020 .....		58.615
Selt/niðurfært á árinu .....		(36.625)
		<u>21.990</u>
Niðurfært 1.1.2020 .....		42.886
Niðurfærsla ársins .....		10.603
Selt/úrelt á árinu .....		(36.264)
		<u>17.225</u>
Staða 31.12.2020 .....		<u>4.765</u>

## 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.358.803	4.259.603
Aðrar eignir .....	813.343	861.855
	<u>5.172.146</u>	<u>5.121.458</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	8.707.119	984.976	9.692.095
Viðbætur á árinu .....	1.450.348	49.985	1.500.333
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.781.044)	0	(2.781.044)
	<u>7.376.423</u>	<u>1.034.961</u>	<u>8.411.384</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	4.447.516	123.121	4.570.637
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.548.672)	0	(2.548.672)
Afskrift ársins .....	1.118.776	98.497	1.217.273
	<u>3.017.620</u>	<u>221.618</u>	<u>3.239.238</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>4.358.803</u>	<u>813.343</u>	<u>5.172.146</u>

## 10 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	18.720.818	5.306.823
	<u>18.720.818</u>	<u>5.306.823</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	95.698
	<u>0</u>	<u>95.698</u>

## Skýringar

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	2.158.226	4.356.324
Afkoma ársins .....	4.691.709	(2.198.098)
Jöfnuður 31.12. ....	6.849.935	2.158.226

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	9.642.264	7.773.103
Ógreidd laun .....	0	913.627
	9.642.264	8.686.730

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	5.176.911	5.137.187
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(523.030)	(22.697)
	4.653.881	5.114.490

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	5.137.187	(22.697)	5.114.490
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.500.333	(1.500.333)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.460.609)	0	(1.460.609)
	5.176.911	(523.030)	4.653.881

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 1,1 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsaleigu og þjónustusamning til ársloka 2021. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu munu nema kr. 25 milljónir og vegna þjónustusamnings kr. 6,8 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.